

SAMEIGINLEG GRÁÐA FRÁ HÍ OG HA

# Meistaránám í geðhjúkrun

UMSÓKNARFRESTUR TIL OG MEÐ 15. APRÍL

## Um námið

Meistaránám í geðhjúkrun sem er 120 einingar og lýkur með sameiginlegri meistaragráðu frá HÍ og HA. Námið er fullt nám í tvö ár, með 60 ECTS á fyrra ári, 40 ECTS á seinna ári og 20 ECTS sem eru metnar frá BS námi. Fyrra námsárið (9 mánuðir) er 80% launað starfsnám á forræði eftirfarandi þriggja starfsstöðva. Seinna námsárið er ekki launað.

- Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðisins (3 stöður), áhersla á fyrsta og annars stigs geðheilbrigðisþjónustu.
- Landspítali (10 stöður), áhersla á annars og þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu.
- Sjúkrahúsið á Akureyri (2 stöður), áhersla á dreifbýlis geðhjúkrun.

Í umsóknarferli þarf umsækjandi að taka fram ósk um starfsstöð. Námið er sveigjanlegt með reglulegum staðlotum á námstímanum við HÍ og HA, auk klínískra námskeiða í samstarfi við Landspítala. Staðlotum gæti fylgt ferða- og gistikostnaður.

## Markmið

Meginmarkmið MS-náms í geðhjúkrun er að mennta hjúkrunarfræðinga til leiðandi starfa innan heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfa, sem geta mætt þörfum notenda geðheilbrigðisþjónustu og fjölskyldna þeirra. Í náminu er lögð áhersla á að auka klíníska þekkingu og hæfni, fagmennsku og rannsóknarfærni.

## Inntökuskilyrði

BS-próf í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, eða samsvarandi próf með að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn og gilt íslenskt hjúkrunarleyfi. Jafnframt þarf nemandi að búa yfir góðri íslensku- og enskukunnáttu.

## Að námi loknu

Að námi loknu opnast fjölbreytt tækifæri til að takast á við margvíslegar áskoranir til að styðja við fólk með geðrænan vanda á öllum aldri. Framsækni hjúkrunarfræðinga geta stefnt að sérfræðiréttindum í geðhjúkrun, bætt við sig námi, sérhæft sig í samtalsmeðferðum einstaklinga, hópa og fjölskyldna, starfað á fjölbreyttum vettvangi og haft afdrifarík áhrif til geðræktar og góðrar geðheilsu þjóðarinnar.